

**Stofnunarsamningur  
Sálfræðingafélags Íslands og  
SÁÁ**

Samningurinn byggir á samkomulagi um breytingar og framlengingu á kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, dagsettur 1. júní 2018.

**1. Gildissvið**

Samningur þessi nær til þeirra starfsmanna SÁÁ sem starfa og njóta ráðningakjara samkvæmt samkomulagi dagsett 1. júní 2018 um breytingar og framlengingu á kjarasamningum Sálfræðingafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, sbr. grein 11 í þeim samningi.

**2. Markmið**

Að tryggja SÁÁ hæft starfsfólk í góðu og framsæknu starfsumhverfi.

Að þróa og útfæra skilvirkt launakerfi sem tekur mið af þörfum, verkefnum og markmiðum SÁÁ og hvetur til árangurs.

Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum SÁÁ og verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og aukinna afkasta.

Að launakerfið yti undir að starfsmenn auki við hæfni sína og eigi möguleika á framgangi í starfi.

Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gagnsæjum hætti.

Að komið verði í veg fyrir launa- og kjaramun sem rekja má til kynferðis eða annarra ómálefnalegra þátta.

**3. Grunnröðun**

**3.1. Starfaflokkar og grunnröðun.**

Samningur þessi nær til ákveðinna starfaflokka sem eru skilgreindir og grunnraðað til launa með eftirfarandi hætti. Grunnröðun í launaflokka byggir á starfslýsingum og miðast við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð sem í starfinu felst auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunar. Starfslýsingar skulu endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna og/eða skipulagi stofnunar.

**11-0 Sálfræðingur 1**

Sálfræðingur án starfsreynslu. Vinnur undir leiðsögn reyndari sálfræðings. Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi við aðrar fagstéttir innan SÁÁ.

**12-0 Sálfræðingur 2**

Sálfræðingur með a.m.k. 12 mánaða starfsreynslu. Vinnur undir handleiðslu reyndari sálfræðings. Hefur öðlast færni í starfi og hefur umsjón með afmörkuðum verkefnum. Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi við aðrar fagstéttir innan SÁÁ.

**14-0 Sálfræðingur 3**

Sálfræðingur með 36 mánaða starfsreynslu að jafnaði eða samsvarandi að mati yfirsálfræðings. Sinnir sjálfstætt almennum sálfræðistörfum, m.a. meðferð, greiningu, ráðgjöf, fræðslu, rannsóknnum og ritstörfum og tekur þátt í þverfaglegu samstarfi við aðrar fagstéttir innan SÁÁ.

E.H. 

#### 16-0 Sálfræðingur 4

Sálfræðingur með umsjón, ábyrgð og skipulag á viðamiklum faglegum verkefnum innan stofnunarinnar, svo sem forystu í sérfræðiteymi, stjórnun og skipulagningu verkefna og ábyrgð á fræðslu- og rannsóknarstarfi. Getur sinnt handleiðslu og þjálfun annarra starfsmanna.

#### Yfirsálfræðingur

Stjórnandi ber ábyrgð á faglegri stjórnun og handleiðslu sálfræðinga í klínískri vinnu, ásamt stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar, sbr. nánar í starfslýsingu.

### 4. Persónubundnir þættir

#### 4.1. Menntun

##### 4.1.1. Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi.

Við lágmarksröðun skv. 3.1. bætast við álagsþrep vegna viðbótarmenntunar á háskólastigi sem nýtist í starfi, sem hér segir:

- Diplóma (30 ECTS einingar) = 1 álagsþrep
- Diplóma (60 ECTS einingar) = 2 álagsþrep
- Meistaragráða (90 – 120 ECTS einingar) = 4 álagsþrep
- Doktorsgráða (180 ECTS einingar) = 6 álagsþrep.

##### 4.1.2. Sérfræðiviðurkenning frá Embætti landlæknis

|   |   |        |
|---|---|--------|
| 1. áfangi                                   | 100 fræðslustundir, 20 handleiðslutímar | 1 þrep |
| 2. áfangi                                   | 200 fræðslustundir, 40 handleiðslutímar | 1 þrep |
| 3. áfangi                                   | 300 fræðslustundir, 60 handleiðslutímar | 1 þrep |
| Sérfræðiviðurkenning frá Embætti landlæknis |   | 2 þrep |

Þrep fyrir sérfræðiviðurkenningu frá Embætti landlæknis eru að hámarki 5 þrep

#### 4.2. Starfsreynsla

Starfsmaður sem hefur starfað hjá SÁÁ í samtals 1 ár skal hækka um 1 þrep.

Starfsmaður sem hefur starfað hjá SÁÁ í samtals 2 ár skal hækka um 1 þrep.

Starfsmaður sem hefur starfað hjá SÁÁ í samtals 5 ár skal hækka um 2 þrep.

Heimilt er að meta starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan SÁÁ.

#### 4.3. Hæfni og frammistaða

SÁÁ getur metið til hækkunar hæfni og frammistöðu starfsmanns. Þeir þættir sem koma til álita í slíku mati eru áhugi og frumkvæði í starfi, afköst, hæfni til að vinna undir álagi, geta til að ganga í störf annarra sérfræðinga og gæði þeirrar vinnu sem innt er af hendi. Hækkunin getur verið tímabundin eða varanleg. Hækkunin getur verið að hámarki 4 þrep.

Hámarksfjöldi þrepa í launatöflu sálfræðinga eru átta þrep. Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkan, vegna persónubundinna þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölu launaflokks þannig að samtala þrepa fer umfram 8 þrep, færist í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

E.H. 

#### 5. Sérstök tímabundin umbun

SÁÁ er heimilt að greiða umbun vegna sérverkefna, sérstakrar ábyrgðar eða sérstakra tímabundinna þátta sem ekki hafa áhrif á röðun starfs í launaflokk og ekki falla undir grein 4.3. Hámark umbunar er kr. 30.000 á mánuði og greiðist hún meðan áhrif þessara þátta vara.

#### 6. Starfspróun og handleiðsla

Unnið er að starfspróun hjá SÁÁ. Starfsmönnum skal gert kleift að sækja sér handleiðslu og nám þegar þurfa þykir, í samráði við næsta yfirmann. Miðað er við að sálfræðingur 3 og 4 sem starfa hjá SÁÁ skuli njóta allt að 6 handleiðslutíma á ári utan stofnunar og á kostnað hennar sé þess þörf að mati yfirmanns.

#### 7. Samstarfsnefnd

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. grein kjarasamnings.

#### 8. Starfspróunaráætlun og stafrsmannasamtöl.

Starfsmannasamtöl milli yfirmanns og sálfræðinga skulu vera árleg.

#### 9. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 1. nóvember 2018.

Reykjavík 14. desember 2018.

Fyrir hönd SÁÁ

Fyrir hönd Sálfræðingafélags Íslands

eu.  
Eybjörg Hauksd.  
Sigríður Sigurðardóttir  
1. Afgreiðingarm.  
1

Jatnún Elfa Jónsdóttir  
SILJA JÓNSDÓTTIR  
Anna María Törnauud.

AMF